

BÓKUN 20***UM AÐGANG AÐ SKIPGENGUM VATNALEIÐUM***

1. Sérhver samningsaðili skal veita gagnkvæma aðgangshemild að skipgengum vatnaleiðum sínum. Að því er Rín og Dóná varðar munu samningsaðilar gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ná samtímis markmiðinu um jafnan aðgang og staðfesturétt á sviði skipengra vatnaleiða.
2. Ráðstafanir til að tryggja gagnkvæman jafnan aðgang að skipgengum vatnaleiðum innan yfirráðasvæðis samningsaðila fyrir alla samningsaðila skulu gerðar á vegum hlutaðeigandi alþjóðlegra stofnana fyrir 1. janúar 1996, að teknu tilliti til þeirra skuldbindinga sem er að finna í tilheyrandi marghliða samningum.
3. Allar tilheyrandi réttarreglur varðandi skipengar vatnaleiðir gilda við gildistöku samningsins í þeim EFTA-ríkjum sem hafa þá þegar aðgang að skipgengum vatnaleiðum Bandalagsins og í öðrum EFTA-ríkjum jafnskjótt og þau öðlast rétt til jafns aðgangs.

Þó gildir 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 (Stjttíð. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25), eins og hún hefur verið aðlöguð vegna samningsins, um skip í siglingum á þessum skipgengu vatnaleiðum frá síðarnefndu EFTA-ríkjunum sem eru tekin í notkun eftir 1. janúar 1993 jafnskjótt og þessi ríki hafa fengið aðgang að skipgengum vatnaleiðum Bandalagsins.